

Tólfti fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 12. desember 2024, klukkan 20:00.

Mætt eru: Guðbjörg Gunnarsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Þróstur Aðalbjarnarson, Veronika G. Sigurvinsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitaði afbrigða á dagskrá fundarins og óskaði eftir því við fundarmenn að bæta einum lið við dagskrá fundarins og verður það mál nr. 6 á dagskrá fundarins.

Samþykkt af öllum sveitarstjórnarmönnum.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Viðauki 4

Viðauki 4 vegna fræðslumála lagður fram.

Viðaukinn samþykktur samhljóða.

2. Reglur Eyja- og Miklaholtshrepps um styrki til greiðslu fasteignaskatts félagasamtaka

Drög að reglum um styrki til greiðslu fasteignaskatts félagasamtaka lagðar fram.

Reglurnar eru samþykktar samhljóða.

Oddvita falið að auglýsa reglurnar.

3. Umsókn um niðurfellingu fasteignagjalda

Umsókn frá Guðmundi Rúnari Svanssyni, f.h. Björgunarfélagsins Elliða, þar sem að sótt er um niðurfellingu fasteignaskatts félagsins.

Með vísan í ný samþykktar reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts félagasamtaka samþykkir sveitarstjórn að veita Björgunarfélaginu Elliða styrk til greiðslu fasteignagjalda félagsins vegna húsnæðis félagsins í Kolviðarneslandi.

Samþykkt samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun 2025-2028, seinni umræða

Tekin til seinni umræðu fjárhagsáætlun Eyja- og Miklaholtshrepps fyrir árið 2025 og þriggja ára áætlun 2026-2028, ásamt greinargerð.

Áætlað er að heildartekjur fyrir A-hluta verði 355,7 milljónir króna og áætluð rekstrargjöld A-hluta án fjármagnsliða verði 227 milljónir króna. Áætluð rekstarniðurstaða verði jákvæð um 129,9 milljónir króna.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun 2025.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun 2026-2028.

5. Sameiningarmál

Oddviti leggur til að forsetum bæjarstjórna Grundarfjarðarbæjar og Sveitarfélagsins Stykkishólms verði boðið til viðræðna um sameiningarmál.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita að bjóða forsetum bæjarstjórna Grundarfjarðarbæjar og Sveitarfélagsins Stykkishólms til viðræðna.

6. Skipulags- og byggingarmál

Oddviti greindi frá viðræðum um þjónustu í skipulags- og byggingarmálum.

Oddvita er falið að ganga frá málinu.

7. Fundargerð 958. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram til kynningar

8. Fundargerð 959. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 20:45.

Guðbjörg Gunnarsdóttir – sign

Herdís Þórðardóttir – sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir – sign

Þröstur Aðalbjarnarson – sign

Sigurbjörg Ottesen – sign